

104
16. okt.

Reglur

til leiðbeiningar um sauðfjárbaðanir, samkvæmt lögum 10. nóv. 1913.

Lögskipuð baðlyf til sauðfjárbaðana eru tvennskonar: fljótandi og föst.

Fljótandi eru: 1. Kreólin úr lyfjabúð Reykjavíkur,
2. Mc. Dougalls Liquid, og
3. Albyn Fluid.

Föst eru: 1. Tynedale Sheep Dip,
2. Mc Dougalls Paste, og
3. Albyn Paste.

Alt eru þetta kreólinbaðefni og því sem næst jafnstærk.

Baðlögur úr *fljótandi baðefnum* (Kreolin, Liquid og Fluid) er búinn til þannig, að í bað í 100 fjár eru teknir 6 lítrar og blandaðir með 300 lítrum af volgu vatni; best er að láta baðefnið fyrst í kerid og hella síðan vatninu saman við og hræra vel í.

Úr *föstu baðefnunum* (Tynedale Sheep Dip, Mc Dougalls Paste og Albyn Paste) er baðlögur í 100 fjár búinn til á þann hátt, að 6 kilogr. af baðefninu er brytjað í smástykki og síðan helt á það *heitu* vatni og hrært í uns efnið er leyst upp. Síðan er bætt út í svo miklu af köldu vatni, að lögurinn verði 300 lítrar, og hrært vel saman.

Baðlögurinn á ávalt að vera volgur, eða 30° C, og halda skal hverri kind niðri í honum í 3 mínútur. Höfði kindarinnar skal dýft snöggvast niður í baðið, og er rjett á meðan að halda fyrir augu, munn og nasir kindarinnar.

Rjett er að forðast að baða fje mótt af rekstri eða þegar það er nýbúið að jeta, og eftir á verður að hafa það inni, meðan það er að þorna og helst ekki sleppa því út í rigningu tvo næstu daga.

Framanritaðar reglur eru hjermeð settar, samkvæmt 6. gr. laga um sauðfjárbaðanir 10. nóvember 1913, og birtar til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 16. oktbr. 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.